



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar/ umsögn

Kópavogi, 14. september 2023
23061397/501.03 ÁH

Efni: Umsögn framkvæmdadeildar um fráveitumál í deiliskipulagi vegna Fornuhvarfs 10.

Við nánari skoðun tekur framkvæmdadeild undir meðfylgjandi umsögn Axels Benediktsson f.h. Umhverfisstofnunar og fyrri umsögn stofnunarinnar dags. 6. júní 2023 og telur mikilvægt að fylgt sé leiðbeiningum stofnunarinnar, reglugerðar um fráveitu og skólp nr. 798/1999. Framkvæmdadeild leggur til við skipulagsdeild og á seinni stigum embætti byggingarfulltrúa að gerð sé krafa á framkvæmdaaðila sem tryggir að annað hvort verði óheimilt að nota klór í sundlaug, eða gerð sé krafa um hreinsimannvirki fyrir klór ætli Kópavogsbær að heimila byggingu sundlaugar á lóðinni. Framkvæmdadeild leggst alfarið gegn því að veitt verði heimild til uppbyggingar á svæðinu með tengingu skólps við rotþró.

3.3. Umsögn Umhverfisstofnunar – Axel Benediktsson

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Kópavogsbæjar er barst 3. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á deiliskipulagi fyrir Vatnsenda, Fornuhvarfi 10 í Kópavogi.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn á fyrri stigum dags. 6. júní sl.¹ sem mikilvægt sé að líta til.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að þjónustubygging er felld út, íbúðarhúsið sé stækkað um 467 m² til norðurs á tveimur hæðum og kjallara ásamt útivaðlaug að sunnanverðu, nýju gufubaði og stækkun á sólskála. Auk þess er áætlað að byggja 185,5 m² vinnustofu á norð-austur hluta lóðarinnar, tvöfaldan 56,3 m² bílskúr á suð-vestur hluta lóðarinnar og að breyta geymslu að hluta til í gestahús og stækka það um 5,4 m². Byggingarmagn á lóðinni mun aukast um 714,2 m² og mun því eftir breytingar verða um 1050 m².

Fráveita

Tillagan gerir ráð fyrir vinnustofu og vaðlaug, auk þess er fyrir á lóðinni hesthús og því er mikilvægt að hugað sé að allri fráveitu vegna nálægðar við Elliðaárnar.

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999, en gr. 7.2 sem fjallar um hreinsun skólps segir: „Skólp skal hreinsa með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa ef viðtaki er viðkvæmur eða nýtur sérstakrar verndar vegna nytja af ýmsu tagi, lífríkis, jarðmyndana eða útivistar, auk annarra sérstakra vatnsverndunarsvæða, sbr. II. viðauka A.“

Hér er fyrri umsögn sem bent er til dags. 6. júní 2023 sem varðar sömu lóð á fyrri stigum.

Náttúruvernd

Umhverfisstofnun bendir á að lóðin nær til svæðis sem er á náttúruminjasrá og nefnist það Elliðaárdalur og lóðin er um 200 metra frá Elliðavatni.

Á heimasíðu Náttúrufræðisstofnunar Íslands, þar sem fjallað er um tillögur á B-hluta náttúruminjaskrár, kemur fram að í vatninu eru stór og samfelld svæði þar sem tjarnalaukur og álftalaukur vex. Auk þess kemur fram að helstu ógnir við verndargildi vatnsins er vaxandi byggð þrengir víða að vatninu og vatnsmiðlunin hefur breytt eiginleikum þess. Mengun yfirborðsvatns sem rennur í vatnið, iðnaður og vaxandi umferð fólks um svæðið. Einnig kemur fram að á heimasíðunni að takmarka þarf frekari uppbyggingu í næsta nágrenni vatnsins og tryggja nægjanlegan verndarjaðar.¹

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að settur sé skýr rammi um starfsemina á lóðinni til að vernda náttúruna og hugað sé að fráveitu til að auka ekki mengunarálag á lífríki.

Virðingarfyllst,

Ármann Halldórsson

Ármann Halldórsson
Deildarstjóri framkvæmdadeildar